


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Enn betra verð

Einn besti snjallsíminn frá upphafi, Samsung Galaxy S II, fæst nú á enn betra verði hjá Vodafone. Tryggðu þér eintak!

Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is



Samsung Galaxy SII
Tilboðsverð
69.990 kr.

Er Atli Óskar viljandi að reyna að líkjast Eminem í tilefni afmælis þess síðarnefnda?

LJÚFIR LOCKERBIE-LIÐAR



Mynd/Styrmir Kári

DAVIÐ ARNAR Á 30 SEKUNDUM

Fyrstu sex: 151291.
Staða í hljómsveit: Píanóleikari.
Uppáhaldsmatur: Hreindýrakjöt.
Lag í upphaldi þessa stundina: There Will Never Be Another You með Chet Baker.
Fjöldi eiginhandarátana sem ég hef gefið á tónlistarferlinum: Alveg ógeðslega margar (hlær).

Fínt að komast úr kuldinum

Hljómsveitin **Lockerbie** heldur í dag út til meginlands Evrópu í sitt fyrsta tónleikaferðalag út fyrir landsteinana

„Lögin verða áfram sungin á íslensku. Við erum allir stúdentar í þýsku en erum nú ekkert sérstakir í henni. Ég hugsa samt að Doddi (söngvari) reyni að koma með einhverjar kynningar milli laga á þýsku. Hann er búinn að vera að æfa þær á fullu,“ segir Davíð Arnar Sigurðsson, píanóleikari Lockerbie, sem heldur í dag í sitt fyrsta tónleikaferðalag út fyrir landsteinana. Hljómsveitin sendi frá sér sína fyrstu plötu í fyrrasumar og skrifaði undir plötusamning við þýska plötufyrirtækið Kápitan Platte í nóvember á sama ári. Platan, sem ber nafnið Ólgusjór, var í framhaldinu af því gefin út í Þýskalandi, Austurríki, Sviss og Lúxemborg í mars síðastliðnum.

„Planið var að fylgja eftir plötuútgáfunni úti strax í sumar, svo þetta er í raun túrinn sem átti að vera farinn þá. Það var búið að skipuleggja túrinn þá og allt en svo þurftum við að fresta því fram á haust. Það kemur samt ekkert að sök. Nú mætum við bara beint á Airwaves af túrnunum, þéttir eftir mikla spilamennsku svo það er bara brjáluð tilhökkun í gangi fyrir þessu öllu saman,“ segir Davíð Arnar.

Útrunnið vegabréf og óþökkuð taska

„Í raun og veru veit ég svo sem ekki mikið um staðina sem við erum að fara að spila á. Ég veit að Dikta eru að fara að spila á sama stað og við í

Leipzig í nóvember og svo spiluðu Agent Fresco á sama stað og við spilum í Búdapest á Evróputúrnum sínum. Þeir sögðu að það væri rosalega flottur staður svo það lofar góðu,“ segir Davíð Arnar aðspurður um hvað bíði strákanna á meginlandinu.

Hljómsveitin kemur til með að ferðast um í langferðabil með þýskum bílstjóra og þýskum hljóðmanni og heldur sjö tónleika í fimm löndum. Fyrir hvaða áfangastöðum er tilhökkunin þá mest? „Ég er helvítu spenntur fyrir Mílanó-tónleikunum. Það er náttúrulega flott borg og svo skemmjir ekkert fyrir að það er geðveikt veður á Ítalíu núna. Það verður fínt að komast úr kuldinum hér yfir í 20 stiga hita. Svo er ég spenntur fyrir að koma til Ungverjalands, ég hef aldrei komið þangað áður.“

Líkt og liggur í augum uppi þarf að huga að mörgu fyrir svona tónleikaferðalag, til dæmis hefur hljómsveitin líklega æft stíft að undanförmu, en það er ekki síður mikilvægt að huga að praktískum atriðum sem eiga þó til að gleymast. „Helsingur af efninu sem við tókum á tónleikunum er nýtt svo það verður spennandi. Ég er hins vegar ekki búinn að pakka og ég á meira að segja líka eftir að sækja vegabréfið mitt. Ég fattaði það bara í gær að vegabréfið mitt væri útrunnið þannig að það þarf að redda því,“ segir Davíð að lokum og hlær.

ÁFANGASTAÐIRNIR 18. – 26. OKTÓBER

Offenbach, Þýskaland
Wil, Sviss
Mílanó, Ítalía
Búdapest, Ungverjaland
Valasske Meziríci, Tékkland
Leipzig, Þýskaland
Bielefeld, Þýskaland

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR KNATTSPYRNUSENÍ

Stelpurnar í landsliði Íslands í knattspyrnu héldu í gær til Úkraínu en á laugardag fer fram fyrri viðureign liðanna um laust sæti í úrslita-keppni Evrópumótsins sem fram fer á næsta ári. Því er upplagt að kaupa sér andlitsmálningu og senda stúlkunum góða strama. Góð úrslit ytra ættu að auka stemninguna á Laugardalsvelliðinu í seinni viðureign liðanna.



FYRIR TÓNLISTARUNNENDUR

Lára Rúnars sendir á næstunni frá sér sína fjórðu plötu og nefnist hún Moment. Aðdáendur söngkonunnar geta þó fengið gríðargott forskot á sæluna því í kvöld kl. 20.30 mun hún bjóða áhugasömum á að koma og hlusta á gripinn á Faktory. Bjór í boði hússins og fimm heppnir fá fría plötu.



FYRIR SÁLINA

Ef þú vaknar eilítið súr á næstunni og vantar að kæta sálina eilítið þá er gott að slá inn Skype Laughter Chain á Youtube og rifja upp myndskreiðið þar sem hláturinn er í aðalhlutverki. Við þekkjum það öll hvað hláturinn getur gefið okkur mikla birtu og meira að segja bláókunnugt fólk getur fengið okkur að hlæja með hláturinn einan að vopni.



Vikan á facebook



Kristmundur Axel YM
 eg væri til i að sja annie mist og gunnar nelson slást
 16. október kl. 20:42



Helgi Sæmundur Guðmundsson
 Eru einhverjir vina minna að fara í fótbolta á boðið mér með?
 16. október kl. 20:30



Aron Gunnarsson
 Meira stress uppi stuku en thegar madur er inna vellinum!!
 Afram island!!
 16. október kl. 18:16



Maggi Mix
 Ég er spaði fæddist tanaður allann daginn :D
 Ég er skvísu spaði
 16. október kl. 17:57



Björn Daniel Sverrisson
 Það er aðeins einn Felix sem er hetja. Það er Felix Bergsson.
 14. október kl. 19:19



Felix Bergsson
 nældi mér í miða á Mika! hlakka mikið til að sjá falsettukónginn (drottninguna) í aksjón!
 16. október kl. 17:13

FEITAST I BLAÐINU

4 Hin sykraða söngkona **Agnes Björt Andradóttir** á það til að dansa í stræti.



6 Stíllinn heimsótti **Make Up Store** til að fá heitustu förðunartrendin beint í æð.



8 Atli Óskar hefur komið víða við sem leikari þrátt fyrir ungan aldur.



15 Í gær fagnaði einn farsælasti rappari veraldar, **Eminem**, 40 ára afmæli sínu.



Efst í huga Monitor

Að upplifa drauminn

Þvílíkur fagmaður, þessi Felix Baumgartner. Öll heimsbyggðin fylgdist með þegar þessi ofurhugi rauf hljóðmúrinn fyrstur manna síðastliðinn sunnudag og fagnaði ógurlega þegar hann lenti á jörðu niðri.

Tóffarinn tók sig til og sló nokkur met í einu. Fallhlífarstökk hans var úr hæstu hæð sögunnar eða rúmlega 39 kílómetra hæð og um leið setti hann lofthæðarmet í mönnum loftbelgsflugi. Felix var fyrstur manna til að rjúfa hljóðmúrinn án hjálpar farartækis enda náði hann 1342 km/klst hraða þegar hann stefndi til jarðar í frjálsu falli. Ofurhetjan var heilar 4 mínútur og 19 mínútur í frjálsu falli. Það held ég að kalli fram vott af hræðslu og gífurlegt magn frelsis á sama tíma.

En stökk Felix ætti að vera okkur mikil hvatning til að fylgja eftir draumum okkar. Það sýnir að í raun og veru er ekkert ómögulegt. Auðvitað þarf draumurinn að vera á einhvern hátt raunhæfur en trúin á drauminn,

trúin á að hann geti orðið að veruleika, er alltaf fyrsta skrefið og jafnframt það mikilvægasta.



Þegar maður svo trúir á drauminn þá þarf maður auðvitað að trú á sjálfan sig. Trúa því að það sé maður sjálfur sem geti upplifað drauminn. Þá skiptir miklu máli að vera óhræddur við að vera maður sjálfur og ekki láta viðhorf og hegðan annarra hafa áhrif á mann.

Það getur alltaf verið að einhverjir hafi ekki trú á verkefninu en þá er mikilvægt að halda einbeitingunni, telja í sig kjark og horfa fram á veginn. Þá er mikilvægt að átta sig á því hvaða fólk það er í kringum mann sem gefur okkur jákvæða orku og hverjir gefa okkur neikvæða orku. Í stað þess að eyða orku í að pirra þig á síðarnefnda hópnum sjúgðu þá þeim mun meiri orku í þig frá jákvæða hópnum.

Við stefnum öll í einhverja átt. Ef þér líkar við stefnuna sem þú hefur tekið, láttu þá engan segja þér að beygja af réttu leiðinni. Trúðu á sjálfan þig. Alla leið. j rj

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Bláamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (aug@mbi.is) **Forsíða:** Styrmir Kári Erwinsson (styrmirkari@mbi.is)
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

Rafmagnað stuðkvöld



Dansar í strætó

Agnes Björt Andradóttir er virkilega spennt fyrir komandi **Airwaves-hátíð** en þar mun hún koma fram ásamt piltunum þremur sem ásamt Agnesi skipa hljómsveitina **Sykur**

AGNES BJÖRT

Fyrstu sex: 230691
Uppáhaldshljóðfæri: Öll hljóðfæri. Það sem skiptir máli er hvernig flytjandinn glæðir það lífi.
Sími: Huawei, ég kalla hann „who are we.“ Þetta er gamli síminn minn en ég er byrjuð að nota hann aftur eftir að iPhone-inum mínum var stolið.
Lag á heilanum núna: Ebony and Ivory. Ég var að horfa á fóstbræður í gær.
Tónlist er: Besta útrásin

Þú vinnur í Fatamarkaðnum við Hlemm. Eru allur sviðs-klæðnaðurinn þinn þaðan? Mikið af honum alla vega, það koma oft alls konar skrytin og flippuð fót til mín sem virka vel á sviði.

Þú ert þekkt fyrir villta og rokkaða framkomu. Væri þetta hundleiðinlegt ef þú stæðir bara kyrr með lokuð augun? Þetta væri náttúrulega ómögulegt ef ég stæði kyrr með lokuð augun, þá gæti ég ekki sungið eða tjáð mig eins og ég vildi. Ég á erfitt með að hreyfa mig ekki þegar ég heyrri tónlist, stundum til dæmis grip ég sjálfa mig við að dansa í strætó við lag í útvarpinu en þegar ég er að spila þá margfaldast þessi tilfinning og ég næ fullkominni útrás. Tónlist er ekki bara eitthvað sem þú heyrir, heldur líka hvernig þú skynjar orkuna frá tónlistinni.

Þið hafið spilað hér og þar á íslenski og erlendri grundu. Hvar var besta giggið og hvar var það sista? Besta giggið að mínu mati var á Nasa á laugardeginum á Airwaves 2011. Það voru allir í svo miklu stuði og góðu skapi. Það var eins og það myndaðist rafmagn á milli okkar og fólks úti í sal, það var svo gott orkuflæði. Einu sinni spiluðum við á bar í Keflavík, og það var svo hryllilegt gigg að staðurinn brann.

Er einhver munur á því að spila erlendis og hérlendis? Mér finnst eins og að margir útlendingar séu oft opnari fyrir að hlusta á nýja tónlist og fylgjast með þótt þeir kunna ekki textann eða þekkja ekki laglínuna en þegar Íslendingar komast í fíling þá verður ekki aftur snúið og þeir sleppa sér frekar en annað fólk. Það er fallett að sjá.

Eru Kristján og Halldór alltaf með mörg járn í eldinum? Já, þeir þurfa að hamra járníð meðan það er heitt.

Hvað er framundan hjá Sykri? Airwaves og svo ætlum við að kíkja til Noregs og spila á nokkrum tónleikum þar. Við erum líka að vinna að nýju efni sem er allt rosalega spennandi.

Þetta er þín önnur hátíð en strákarnir hafa spilað oftar. Hver er snilldin við Airwaves? Snilldin við Airwaves er stemningin sem myndast við að fara saman, með fullt af skemmtilegu fólki, á 5 daga tónlistarhátíð. Mér finnst líka spenningurinn rosalega skemmtilegur.

Hvað ætlar þú að sjá á Airwaves? Allt sem ég kemst yfir að sjá.

Nú er blaðamaður ekki að reyna að vera myndinn en heyrst hefur úr nokkrum áttum að til sé fólk sem haldi að textinn í Reykjavík sé „Reykjavík þú rekur við.“ Er það áfall fyrir ykkur sem hljómsveit? Ég hef heyrt margar útgáfur af textanum í Reykjavík. Reykjavík þú rekur við, rekur mig, drepur mig, leikur mig, lepur mig og svo framvegis en við hlæjum bara að þessu öllu saman og leiðrétum fólk vinsamlega ef þess er óskað.

Mynd/Omar

Hrekkjavakan nálgast ertu klár?

Við eigum ótrúlegt úrval af búningum og aukahlutum fyrir hrekkjavökuna. Komdu til okkar eða verslaðu í netverslun okkar: www.hokuspokus.is - Sendum hvert á land sem er!

					
Vampira Complete Kr. 4.500,-	Devil's Kiss Kr. 11.990,-	Fangastelpa Kr. 4.990,-	Nunna Kr. 3.500,-	Alien Morphsuit Kr. 9.990,-	Evil Scarecrow Kr. 8.500,-

HOKUS POKUS
 Laugavegi 69 - Sími 551-7955
www.hokuspokus.is
 Netverslun

Raftónlistin var í fyrirrúmi í gærkvöldi á þriðju Airwaves-upphitunartónleikum Símans á Faktory og gátu gestirnir dansað yfir sig við tóna frá **Sykri, Berndsen** og **RetRobot**. Monitor tók púlsinn á Agnesi Björt, söngkonu Sykurs og Berndsen rétt áður en þau stigu á svið.

80's hetjan Berndsen

Davíð Berndsen er fæddur á miðjum níunda áratugnum en það verður að teljast líklegt að tónlistin sem þá var við lýði hafi náð að síast óvenju vel inn í þessa 80's hetju.

Ef þú ættir að chilli í þrjár vikur á Tenerife með þremur einstaklingum sem koma fram á Airwaves, hvaða einstaklingar yrðu fyrir valinu?

Ég myndi ekki höndla einn dag á Tenerife þannig ég myndi gefa Emmisjé Gauta miðana mína. Hann virðist vera týpan til að fara þangað svo ég myndi leyfa honum að taka djamm-ferð með vini sínum.

Á Airwaves munt þú koma fram sem þú sjálfur og svo muntu aðstoða Þórunni Antoníu við að koma hennar tónlist til skila. Er mikill munur á þessu tvennu?

Já, að sjálfsgöðu. Ég held að fólk, eða allavega strákar, taki ekki einu sinni eftir mér þegar ég spila með Þórunni. Þeir eru næstum dáleiddir að horfa á hana. Þannig ég fæ svo bara að njóta mín þegar ég spila sem Berndsen.

Í lok september tókst þú upp myndband. Hvenær getum við átt von á afrakstrinum og hvers konar snilld verður þetta eiginlega?

Við tókum upp skuggalegt 80's myndband. Ég er alveg að klára að klippa þessa snilld. Ég hef sýnt nokkrum myndbandið og þeir sem hafa séð þetta fatta ekki strax að þetta sé nýtt efni heldur halda að þetta sé klippt saman úr gömlum 80's bíómyndum.

Svo ert þú að vinna í plötunni þinni Planet Earth sem kemur út snemma á næsta ári. Hvernig gengur það?

Það gengur ágætlega en hægt því maður er með svo miklar væntingar þar sem síðasta plata heppnaðist svo vel. Ég er allavega mjög sáttur með það sem er komið og Hermigervillinn er að standa sig í að pródúsa þessa snilld.

Hvað er það skemmtilegasta við plötuútgáfu?

Þegar maður er kominn með tilbúna plötu í hendurnar eftir endalausa vinnu.

En það sísta?

Þegar illa gengur að taka upp sönginn þá brotnar maður niður. Ég held að maður ætti kannski að fara byrja æfa sig meira.

Í ár ert þú að spila í fjórða skipti á Airwaves-hátíðinni? Hver er snilldin við Airwaves?

Skemmtilegast er að labba um bæinn og kikja á tilviljanakennda staði. Þá sér maður oft eitthvað óvænt.

Hvað ætlar þú að sjá sjálfur á Airwaves?

Jack Magnet og Skúla Sverrisson.

BERNDSSEN

Fyrstu sex: 230185.

Uppáhaldshljóðfæri:

Roland Jupiter 6.

Sími: Iphone.

Lag á heilanum núna:

Retro Stefson – Glow.

Tónlist er: Yndisleg.

Mynd/Eggert

Þú stendur og fellur
með beinunum

Hreyfing, kalk og D-vítamín skila þér sterkari beinum og hraustari líkama.

Kalk við hæfi - alla ævi!

BEINVERND



1 Ég notaði gott rakakrem, Base Prep-primerinn og Sport Foundation sem er léttur farði á Elínu Lovísu enda er hún með ótrúlega góða og fallega húð. Ég notaði Cover All Mix-hyljarann og smá Reflex Cover undir augun til að lýsa upp svæðið. Einnig notaði ég Wonder Powder til að gefa húðinni smáljóma og svo notaði ég kinnalitinn Nut til að skyggja kinnbeinin.

2 Til að skerpa örliðið augabrúnirnar notaði ég þrískipta augabrúnalitinn okkar Tri Brow, sem er æðislegur til að fá náttúrulega áferð á augabrúnirnar. Ég gerði klassíska Smokey-förðun með augnskugganum Deadly sem er grábrúnn augnskuggi sem hefur verið rosalega vinsæll hjá okkur, en með honum notaði ég eyelinerinn Darkest Shadow sem er mjúkur kolablýantur sem er fullkominn í alla förðun. Til að mýkja út brúnirnar á Deadly-skugganum notaði ég ljósa augnskuggann Muffin sem gefur fallega sanseringu og lýsir upp augnbeinið.

3 Mér finnst fällegast að nota nude-varalit við dökkt smokey og notaði því vinsælasta varalitinn okkar Baby til að fullkomna lúkkið. Ég breytti svo örliðið upp á augnhárin og setti hæfilegt magn af Drama-maskaranum okkar.



stíllinn

Lisa Hafliðadóttir
lisa@monitor.is



ELÍN LOVISA

Rómantískt og dularfullt

Í HAUST

Make Up Store er með puttan á púlsinum þegar kemur að helstu straumum

og stefnum förðunarbransans. **Stíllinn** hitti á förðunarfræðinginn og verslunarstjóra Make Up Store í Smáralind **Steinunni Eddu Steingrímstöttir** og sýndi hún okkur heitustu trendin í haustförðuninni.

Nýja línun ykkar kom út á dögunum, hvernig er hún?

Hún er bæði rómantísk og dularfull í senn, algjörlega haustið. Lita-pallettan er ótrúlega falleg en hún samanstendur af plómufjólubláum, grænbláum og heiðbláum augnskuggum í bland við dökkfjólubláa og nude varaliti.

Hvaða trend eru heitust í förðunarheiminum í dag? Stór og þykkur eyeliner, bæði svartur og litaður verður mjög áberandi í haust við dökkan varir í burgundy, brúnum og fjólubláum lit. Smokey-augnförðun heldur áfram að vera vinsæl, þá helst í dökkum lit en ekki endilega svörtum.

Hvaða vara er vinsælust í búðinni þessa dagana? Við erum með nokkrar vörur sem eru alltaf ótrúlega vinsælar allan ársins hring en það eru Cover All Mix þrískipti hyljarinn okkar, Reflex Cover sem er léttur hyljari og „highlighter“ undir augun og svo hefur Wonder Powderið okkar án efa aukist í vinsældum.

En dökku varalitirnir eru að verða vinsælustu vörurnar okkar.

Hvernig förðun er nauðsynleg fyrir hversdags lúkkið? Vel grunnuð húð og frísklegar bleikar eða ferskjulit-aðar kinnar með léttu augnförðun er alltaf klassísk, sérstaklega í hversdagsleikanum.

Getur þú gefið lesendum einhver góð feðurarráð þegar kemur að förðun?

Það er helst að hafa í huga að það þarf ekki alltaf að fylgja tískunni þegar kemur að förðun, heldur er best að velja það lúkk sem fer manni vel og svo auðvitað alltaf það klassíska „less is more“.



1 Á Indíönu notaði ég létt rakakrem sem heitir Ice Cream Time, Base Prep-primerinn, Sport Foundation og Wonder Powder til að fá ljómandi húð. Einnig notaði ég hyljarann okkar vinsæla Cover All Mix undir augun og á t-svæðið og smá af Reflex Cover undir augu og augabrúnir.

2 Ég notaði helstu haustlitina í þessari förðun, en þetta myndi ég segja að væri eka haustlúkk. Ég byrjaði á því að skerpa augabrúnirnar aðeins með Tri Brow og setja Darkest Shadow-eylinerinn inn á milli augnhárana og innan í vatnslínuna. Því næst notaði ég nýja augnskuggann okkar Spellbinding sem er plómufjólublár til að gera léttu skyggingu á augun, ég notaði líka Muffin í þetta skiptið til að mýkja út brúnirnar á þeim plómufjólubláa.

3 Á varirnar notaði ég nýjasta varalitinn okkar Magic Spell sem er skær-fjólublár og til að dekkja hann og tóna niður notaði ég varably-antinn Awesome Performance sem hefur verið ótrúlega vinsæll í haust. Í kinnarnar setti ég svo steinefnapúðrið Chocolate til að skyggja kinnbeinin og kinnalitinn Must Have til að gefa smá-frískleika í kinnarnar. Í lokin breytti ég upp á augnhárin og setti svo maskarann okkar Max Lashes.



INDÍANA

Eitt heitasta tískugoðið

Hún er sjónvarpskynnir, tískubloggar, módel, plötusnúður og svona mætti lengi áfram telja. En þrátt fyrir áberandi störf er **Alexa Chung** einna þekktust fyrir sína gríðarlegu fegurð og glæsilegan fatasmekk. **Stíllinn** tók saman nokkur góð dæmi.



SVAKA SKVÍSA Í FALLEGUM KJÓL MEÐ SEIÐANDI RAUÐAR VARIR



SJÚKUR TÖFFARI MEÐ GLERAUGU INNAN DYRA. HÚN ER EIN AF FÁUM SEM PÚLLA ÞAÐ



HÉR BLANDAR HÚN SAMAN SKVÍSUDUM LEÐURSTUTTBOXUM OG HÆLUM MEÐ AFSLÖPPUDUM STUTTERMABOL OG GOLLU. ÞVÍLÍKUR TÖFFARI



ALGJÖR GELLA Í HERMANNAJAKKA, GALLASTUTTBOXUM OG SÆTUM HEKLUDUM BOL VIÐ



AFSLÖPPUÐ OG SÆT



STÓRGLÆILEG Í FALLEGUM BAIGE-LITUÐUM KJÓL



Sixty Seven 13.995,-



Sixty Seven 8.995,-



Sixty Seven 13.995,-



Sixty Seven 13.995,-



Sixty Seven 11.995,-



Sixty Seven 25.995,-



Sixty Seven 13.995,-



Sixty Seven 19.995,-



Sixty Seven 26.995,-



Sixty Seven 26.995,-

SIXTYSEVEN

gs skór

Kringlunni - Smáralind

Kringlan: s. 512 1760 | Smáralind: s. 512 7700 | www.ntc.is | erum á 

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Ég fór síðast til Palma á Mallorca í útskriftarferð í sumar.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Ég kíkta á bróður minn niðri í bæ á fyrradag þegar hann var að vinna í Rizzo-vagninum á Lækjartorgi.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Það var Monty Python-myndin Life of Brian. Hún er sníll, algjör klassík.



Síðasta húsvverk sem ég innti af hendi: Er húsvverk að elda? Eða nei, ég setti í þvottavél áðan.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Ég sagði við mömmu mína í gær að mér þætti vænt um hana þegar hún borgaði skólagjöldin mín. Þetta kemur gjarnan fram í þannig aðstæðum (hlær).



Á kínverskan eltihrelli

Atli Óskar Fjalarrson túlkar vandræðagemsann Ísak í spennuþáttaröðinni *Pressu*. **Monitor** yfirheyrði hann um framtíðardrauminn, *Atla123*, „douche bag-krukkuna“ og æstan aðdáanda frá Kína.

Það muna eflaust einhverjir lesendur *Monitor* eftir *Atla123* sem vakti athygli á frumdögum YouTube með hressum vídjóblogginnsögum. Í dag er *Atla123*, eða Atli Óskar Fjalarrson, vaxinn úr grasi og orðinn einn efnilegasti leikari landsins. Hann birtist landsmönnum í burðarhlutverki í kvikmyndunum *Óróa*

og *Gauragangi* auk þess sem hann fór með aðalhlutverk í stuttmynd Rúnars Rúnarssonar, *Smáfuglar*. Atli, sem stefnir á að læra leiklist á erlendri grundu þegar fram líða stundir, leikur nú í *Pressu* sem fór af stað á *Stöð 2* um síðastliðna helgi.

Blaðamaður *Monitor* settist niður með Atla Óskari og ræddi við hann um undirheimakarakterinn Ísak, Bláa mánann, Steven Seagal og síðast en ekki síst, kínverska eltihrelinn hans.

Texti: Einar Lövdahl **Myndir:** Stymir Kári Erwinsson

einar@monitor.is
stymirkari@mbli.is

Einhverjir lesendur *Monitor* muna sennilega eftir hinum barnunga vídjóbloggara, *Atla123*. Hvað fékk þig til að byrja að flippa fyrir framan myndavél og setja myndböndin á YouTube?

Ég byrjaði að fíkta með vídjókameru pabba míns þegar ég var bara átta eða níu ára en þá var YouTube ekki einu sinni komið svo myndböndin fóru ekkert lengra. Síðan þegar ég var svona þrettán ára fékk ég iMac-tölvu í fermingargjöf og þá fór ég að taka upp og klippa myndbönd með það í huga að setja þau á netið.

Þetta var bara einhvers konar tjáningarþörf eða

athyglissýki sem maður var með og þarna var maður með vettvang til að fá útrás fyrir það allt.

Fylgir þetta nafn þér enn í dag, *Atla123*?

Já, alveg klárlega. Þegar ég fékk bílprófið mitt keypti ég mér meira að segja einkanúmerið *ATL123* og svo er ég með tölustafina „123“ húðflúraða á mér. Ég notast samt ekki beint við það svona dagsdaglega.

Mér skilst að þú hafir verið uppátækjasamur sem krakki. Kannast þú við að hafa framleitt þín eigin spil og selt skólasystkinum þínum?

Já, það var þannig að þegar Pokémon-æðið var í hámarki þá bjó ég eiginlega til mína eigin hliðstæðu af Pokémon-spilum sem hétu Fransamyndir. Þær voru sem sagt nefndar í höfuðið á yngri bróður mínum, Frans, og gengu út á það að ég teiknaði hann við alls kyns myndar aðstæður. Þarna voru goðsagnakenndar myndir eins og „Frans verður forseti“, „Frans í kassa“ og svona. Ég fór síðan með þetta í skólann og var að reyna að selja einhverjum krökkum þetta og þetta rokseldist alveg. Ég er reyndar hræðilegur teiknari en það kom greinilega ekki að sök (hlær).

Það skemmtilega við þetta var síðan að þegar spilið var spilað, þá var ég sá eini sem kunnir reglurnar og maður gat þar af leiðandi hagrætt þeim sér í hag og svona.

Síðast þegar þú varst í viðtali hér í blaðinu varst þú að kynna Bláa mánann, dálítið óhefðbundinn hátíðisdag sem haldinn var 13. ágúst síðastliðinn. Hvernig tókst til?

Það tókst bara rosalega vel til, þetta fór fram úr markmiði okkar sem var að fá 300 manns til að mæta. Ég held að það hafi 350 manns komið eða eitthvað. Þetta var á mánudagskvöldi á Lebowski-bar og eigandinn sagðist hreinlega aldrei hafa séð jafnmarga inni á staðnum. Þetta var geggið, Úlfur Úlfur, RetRo-Bot og Young and Carefree spiluðu og svo eftir lokun fórum við í Hjartargarðinn og spiluðum brennibolta.

Má búast við því að hátíðin verði aftur haldin að ári?

Alveg klárlega. Þá er markmiðið að fá 3.000 manns. Við verðum bara að leigja Hörpu þá eða eitthvað.

Þessa dagana birtist þú fólki sem hinn 19 ára Ísak Egilsson í þriðju seríu *Pressu*. Hvernig er upplifunin að sjá sjálfan sig í sjónvarpi?

Hún er bara rosalega fín, mér fannst fyrsti þátturinn koma mjög vel út. Það er virkilega gaman fyrir mig að horfa á þetta því þetta eru þannig þættir að þó svo að ég leiki ágætlega stórt hlutverk í þessu sjálfur, þá eru þetta svo margar sögur sem fléttast saman, svo maður hefur ekki séð næstum því allt sjálfur. Maður var náttúrulega ekki á tókustað nema í svona einn fimmta af tókutímabilinu. Þó svo að maður sé kannski búinn að lesa handritið og allt það, þá er gaman að sjá útfærsluna á þessu öllu saman.

Ísak er ekki beint neinn engill. Hvernig var að leika hann?

Ísak er þessi týpíska Adidas-spíttgallatýpa. Hann er í röngum félagsskap, eldri bróðir hans er höfuðpaur í ákveðnu handrukkaragengi sem hann er sjálfur hluti af og hann er bara ekki á réttu grein í lífinu, greyið.

Það var mjög áhugavert að leika hann og sérstaklega

...þá svöruðum við að Steven Seagal léki í myndinni og ég væri að leika ungan Seagal sem væri að þjálfa sig upp í að hefna dauða foreldra sinna.

gaman að taka upp öll þessi hasaratriði. Maður fékk að taka þátt í bílasenum, handleika byssur og læti.

Myndir þú segja að hann væri „grjótharður“, eins og menn segja?

Hann lítur kannski út fyrir að vera það en þegar fólk kynnist honum þá sér það mjúku hliðina hans. Ég er viss um að fólk taki eftir því ef það heldur áfram að fylgjast með þáttunum.

Það er klassískt að spyrja leikara eftir þeir hafa túlkað svona undirheimakarakter hvort þeir hafi unnið einhverja rannsóknarvinnu. Á það við um þig?

Þegar maður er svona ungur þá er svo rosalega lítið bil á milli þeirra sem eru á „rangri braut“ og „réttu braut“ í lífinu. Maður er ennþá í miklu návígi við fólk sem er kannski ekki beint á réttu braut. Þegar maður verður eldri, kominn með fjölskyldu og einhverja ákveðna atvinnu, þá er maður kannski ekki beint í tengslum við Jón stóra eða eitthvað. Í mínu tilfelli finnst mér ég ennþá þekkja einhverjar svona týpur sem voru kannski með manni í skóla áður eða eitthvað og það finnst mér auðveldi manni að setja sig inn í þá stemningu. Þar af leiðandi þurfti ég ekki beint að leggjast í einhverja rannsóknarvinnu sem slíka.

Þú ert ómenntaður leikari, enn sem komið er. Gefur það þér mikið að leika á móti flinkum leikurum, eins og Birni Thors og fleiri?

Já, það er bara geggið reynsla. Það er í raun alveg ólýsanlegt að fá að leika á móti leikara eins og Birni og svo að vera í leikstjórn Óskars Jónassonar. Bjóssi er frábær mótleikari sem ég ber mikla virðingu fyrir og svo er hann bara líka virkilega almennilegur. Hann lítur á alla sem jafningja og er á sama tíma mjög duglegur við að segja manni til og kenna manni.

Langar þig að verða leikari þegar þú verður stór?

Já, alveg klárlega. Ég er að klára *MH* núna, það er að segja ég útskrifast vonandi þaðan næsta vor, og að því loknu stefni ég bara út í leiklistarnám. Mig langar rosalega að fara í Juilliard, það er búið að vera draumur í mörg ár.

Annars væri ég sáttur við að læra bara einhvers staðar í Bandaríkjunum eða Bretlandi.

Þú ert viðriðinn Morfis-ræðulið *MH*, ekki satt?

Ég var sem sagt í liði *MH* um daginn þegar við kepptum æfingakeppni við *MS* en það á eftir að velja formlegt Morfis-ræðulið. Ég hef ekki tekið mikinn þátt í ræðumennsku í menntaskóla en datt inn í innanskólakeppni í Kvennó í fyrra. Félagi minn var sem sagt í Kvennó og ég mátti taka þátt í keppninni með honum. Það gekk mjög vel og svo labbaði ég eiginlega bara fyrir tilviljun framhjá einhverjum Morfisprufum í *MH* og ákvað að taka þátt.

ATLI ÓSKAR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 100892.

Það sem gleður mig mest þessa stundina: Að ég sé að fara að klára prófin mín, að *Pressa* hafi verið skemmtileg í sjónvarpinu og að ég sé að fara til Akureyrar í tvær vikur.

Það sem veldur mér helst hugarangri: Síðustu tvö prófin sem ég er að fara í á eftir og hvernig ég á að kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Það myndnasta sem ég hef séð á netinu: Það er svo margt. Mér finnst Dolan-teiknimyndirnar ótrúlega myndnar. Það eru ótrúlega súrur teiknimyndasögur með mjög illa teiknuðum útgáfum af karakterunum úr *Andabæ*.

Uppáhaldssjónvarpsþáttapersóna: Ari Gold í *Entourage*.

Æskuátrúnaðargoð: Ég leit alltaf mikið upp til Bubba Morthens og finnst hann enn mjög flottur.



Það væri gaman að komast í liðið, mér finnst mjög skemmtilegt að taka þátt í svona keppnum.

Eins og þú segir hefur það lengi verið draumur hjá þér að fara í Juilliard og þú hefur nú þegar farið með burðarhlutverk í myndum á borð við Óróa, Gauragang og Smáfugla. Hvenær byrjaði leiklistaráhuginn?

Það eru margir sem halda að þetta hafi byrjað með YouTube-dæminu en í raun byrjaði þetta eftir að ég keppti í Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk. Eftir hana fór ég að talsetja teiknimyndir hjá Stúdíó Sýrlandi. Ég man eiginlega ekki alveg nákvæmlega hvernig ég fór út í þetta talsetningastarf en líklega var það mamma mín sem stakk upp á því og svo hef ég farið í einhverja prufu hjá þeim.

Upp úr því starfi datt ég síðan inn í leiklistarprufu fyrir Smáfugla, stuttmyndina hans Rúnars Rúnarssonar og eftir það fór boltinn aðeins að rúlla.

Ég hef heyrt að stemningin á setti við tölur Óróa hafi ekki beint verið leiðinleg.

Nei, það var alltaf mjög skemmtilegt hjá okkur. Til dæmis þegar við vorum að taka upp partísenurnar í myndinni því þá mættu alltaf nýir aukaleikarar, bara krakkar sem áttu að standa í bakgrunni og vera kúl í partí. Þegar nýju aukaleikararnir mættu fór alltaf ákveðið flipp í gang á tókustað, það var alltaf einhver brandari í gangi sem aukaleikararnir vissu þá ekki af. Í eitt skiptið áður en við tókum upp senu þá kallaði Baldvin Z leikstjóri okkur saman í hring og þóttist vera biðja til guðs af því líkum krafti, kyrja og svoleiðis. Við létum náttúrulega bara eins og þetta væri síður hjá okkur og tókum þátt en allir aukaleikararnir litu bara í kringum sig steinhissa, hugsunin „hvað er í gangi?“ skein úr svipbrigðum þeirra.

Síðan þegar aukaleikararnir fóru að spyrja um hvað myndin væri, því þau höfðu ekkert fengið að sjá neitt handrit, þá svöruðum við að Steven Seagal léki í myndinni og ég væri að leika ungan Seagal sem væri að þjálfa sig upp í að hefna dauða foreldra sinna. Við sögðum sem sagt að þetta væri lokapartíð fyrir aðalbardagaatriðið í myndinni og eitthvað álíka og krakkarnir virtust alveg gleypa við því (hlær). Ég held að þeir hafi síðan orðið frekar hissa þegar þeir sáu myndina.

Frammistaða þín í myndunum sem þú hefur leikið í virðist hafa vakið einhverja athygli fyrir utan landsteinana, að minnsta kosti hjá einum manni, ekki satt?

Jú, ég er kominn með kínverskan „stalker“ sem býr í Frakklandi (hlær). Hann er mjög sérstakur og er búinn að vera í tölvupóstsamskiptum við mig að undanförunum. Ég hef svarað honum nokkrum sinnum mjög kurteislega og allt það en svörin hans gefa alltaf til kynna að hann sé svolítið æstur, það er að segja skrifar alltaf mjög langa tölvupósta. Hann hefur séð allt sem ég hef leikið í og hefur mikinn áhuga á mér sem leikara. Hann sendi mér meira að segja afmælisgjöf, geisladisk með hljómsveitinni Kings of Convenience. Hann tók fram að eitt lag á plötunni minnti hann rosaalega á eina tiltekna senu í Óróa. Það er bara einhver lítil sena þar sem ég sit í strætó og er að horfa út um gluggann á strætónum. Honum fannst hann greinilega þurfa að deila því með mér. Þetta var meira að segja frekar „krípi“. Hann sendi mér diskinn og svo bréf með sem hann var búinn að rífa allt í sundur, þannig að ég þurfti að púsla því saman til að geta lesið það. Við strákarnir vorum alveg heilt kvöld að púsla bréfinu saman og svo kom í ljós að þetta var kyrmynd úr umræddri senu í Óróa. Aftan á stóð eitthvað mjög skrytið: „I don't know what to say, I think I'm crazy“, og svo fylgdi símanúmerið hans með.

Ég lét hann vita að ég hefði leyst gátuna hans og svona og síðan þá hef ég fengið nokkur bréf til viðbótar. Svona hefur þetta rúllað síðustu mánuði.

Sefur þú alveg vel á næturnar þrátt fyrir þetta?

Já, á meðan hann mætir ekki allt í einu heim til mín þá ætti að vera í lagi (hlær).

Þú fluttir ungur að heiman og hefur staðið á eigin fótum hvað það varðar í tvö ár, ekki satt?

Jú, ég flutti fyrst að heiman þegar ég var átján ára þegar ég flutti í Hlíðarnar með tveimur félögum mínum. Á þeim tíma nennti ég eiginlega ekki að vera í skóla lengur og ákvað að fara að vinna í fullu starfi og leigja mér íbúð samhliða því. Mér fannst það mjög fínt á meðan á því stóð en svo fékk ég leiða á því og langaði að byrja aftur í skóla til að klára hann. Þá dembdí ég mér aftur í skólann en flutti hins vegar ekki heim aftur heldur ákvað að kaupa mér íbúð sjálfur. Ég endaði á að kaupa íbúð í Breiðholti þar sem ég bý núna ásamt tveimur öðrum félögum mínum, Eliási og Árna.

Hvernig gengur sambúðin?

Bara rosaalega vel. Við erum með nokkrar reglur sem sjá til þess að allir séu sáttir. Til dæmis er allt sem fer inn í ísskápinn sameign sem hver sem er má ganga í, nema það sé áfengi eða gos sem er 0,5L eða minna. Síðan erum við með svona „douché bag-krukku“ eins og í þáttunum The New Girl. Hún virkar þannig að ef það er mat tveggja okkar að sá þriðji hafi hagað sér eins og fífl, þá þarf hann að setja einhvern pening í krukuna, sem er sameiginlegur sjóður.

Er þetta algjör piparsveinaþúð?

Það mætti segja það. Við erum til dæmis með píluspjald og fússballborð. Við æfum okkur stíft heima í fússball til að geta síðan farið niður í bæ og keppt þar við menn upp á bjór og svona. Þó svo að borðið hafi alveg kostað 80.000 kr. þá mun það klárlega borga sig á endanum (hlær). Svo er hvítur múrveggur inni í íbúðinni sem er alveg klikkaður því við fengum mjög hæfileikaríkan strák til að mála vegginn alveg eins og plötuumslagid að The Wall með Pink Floyd. Þegar þú labbar inn í íbúðina er ekki annað hægt en að hugsa: „Ókei, þetta er nettasta íbúð sem ég hef komið inn í.“

Nú ert þú á leiðinni til Akureyrar að leika í þriðju seríu af Hæ Gosa. Er það svart og hvítt í samanburði við Pressu?

Þetta eru náttúrulega gamanþættir þannig að þetta er töluvert frábrugðið Pressu. Þetta eru ótrúlega skemmtilegir þættir og fólk sem er í þessu er frábært. Handritið í þessari seríu inniheldur aðeins meiri spennu heldur en í síðustu seríu sem ég lék í. Það verður skemmtilegt að vinna með það allt saman. Í þessum þáttum leik ég sem sagt „goth-arann“ Jason sem er kærasti dóttur aðalpersónanna. Það er svo gaman með þetta hlutverk hvað gervið manns er afgerandi. Þegar maður er kominn í síðan leðurfrakka, hvítmálaður í framan og með „eye-liner“, þá er svo auðvelt að detta inn í karakter. Svo er alltaf gaman að fara niður í bæ eftir tölur og spóka sig aðeins um í gallanum.

Hvað er annars framundan hjá þér?

Ég er að fara að kjósa á eftir í þessum stjórnlagakosningum. Ég er reyndar ekki búinn að renna í gegnum þennan bækling en ég er búinn að sjá sýnishorn af kjörseðlinum. Þetta er svona eins og ef maður gæti séð prófið sem maður er að fara í áður en maður mætir í það. Djöfull vildi ég óska þess að ég gæti það til dæmis í sambandi við prófið sem ég er að fara í á eftir. Akureyrarferðin mun síðan skipa stóran sess í lífi mínu næstu dagana. Þar er ég náttúrulega að fara að vinna með skemmtilegasta fólk í heimi. Baldvin Z, sem leikstýrði Óróa, framléiðir einmitt þessa þætti. Ég var eiginlega búinn lofa honum að nefna hann í þessu viðtali (hlær). Svo ætla ég að klára skólann og einbeita mér að því. Eftir áramót er ég síðan að fara að leika lítið hlutverk í næstu myndinni hans Baldvins, Vonarstræti. Þetta verður allt mjög spennandi.



SMÁA LETRIÐ



KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: The Matrix.

Myndin sem ég felli tár yfir: Bróðir minn ljónshjarta.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Don't Be a Menace to South Central While Drinking Your Juice in the Hood.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Dúmbó.

Versta mynd sem ég hef séð:

The Room en eiginlega jafnframt ein súa skemmtilegasta.



TÓNLIST

Lagið í upphaldi þessa stundina: Fake Empire með The National.

Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina: Ridin' Solo með Jason Derulo.

Lagið sem ég fíla í laumi: Þau eru mörg. My Immortal með Evanescence.

Lagið sem ég syng í karóki: Ég hef sungið nokkuð oft í karóki og ég hugsa að Don't Stop Believin' sé upphaldslagið mitt hvað það varðar.

Nostalgíulagið: Where'd You Go með Fort Minor minnir mig alltaf á mjög skemmtilega fjölskylduferð til Spánar.



FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Pítsa.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Pítsa.

Versti matur sem ég hef smakkað: Spaghatti bolognese á grískum veitingastað í Þýskalandi.

Stoltasta augnablikið á íþróttiferlinum mínum: Þegar ég skoraði mitt eina mark á fótboltaferli mínum með E-liði Þóttar.



„Ekkert minna en frábær“

Out and About, DK



„Falleg blanda raunsæis, farsa og draumkennds andrúmslofts“

Jyllandsposten, DK



Berlingske Tidende, DK



CPH Culture, DK

„Leikandi djarft og fullt af töfrum“

Skanska Dagbladet, SE

„Einstaklega heillandi og fersk sýning“

SR Malmö, SE



25% afsláttur fyrir Facebook-vini Vesturports og Borgarleikhússins ef keypt er fyrir frumsýningu

Ný stórsýning frá Vesturporti

BASTARÐAR.

Nú loks á Íslandi!

Frumstýnt 27. október

Forsala hafin, tryggðu þér miða!

Frumstýning	fös. 27/10 kl. 20	mið. 1/11 kl. 20	lau. 3/11 kl. 20	mið. 7/11 kl. 20
	sun. 28/10 kl. 20	fim. 1/11 kl. 20	sun. 4/11 kl. 20	fim. 8/11 kl. 20
	þri. 30/10 kl. 20	fös. 2/11 kl. 20	þri. 6/11 kl. 20	

Aðeins sýnt í 3 vikur!

HÖFUNÐAR RICHARD LAGRAVENESE OG GÍSLI ÖRN GARÐARSSON LEIKSTJÓRN GÍSLI ÖRN GARÐARSSON LEIKMYND BÖRKJUR JÓNSSON BÚNINGAR MARIA GYLLENHOFF LÝSING CARINA PERSSON / ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON TÓNLIST CÆCILIE NORBY OG LARS DANIELSSON HLJÓÐMYND TORBJÖRN KNUDSEN LEIKGERVI ÁRÐÍS BJARNÞÓRSDÓTTIR LEIKARAR JÓHANN SIGURÐARSON NINA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON HILMIR SNÆR GUÐNASON ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN VÍKINGUR KRISTJÁNSSON SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON JÓHANNES NIELS SIGURÐSSON

Vesturport

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

EMINEM

Fertugur frumkvöðull

Eminem ruddi brautina í heimi hvíttra rappara en í gær fagnaði þessi farsæli rappari 40 ára afmæli sínu. Við fögnum með honum.



TÓNLIST
FREYR ÁRNASON

Þeir voru líklegast ekki margir sem tippuðu á að þessi litli, hvíti, horaði náungi yrði vinsæll rappari, hvað þá stærsti rappari sögunar og söluhæsti tónlistarmaður síðasta áratugar. Eminem, fæddur Marshall Mathers, fagnar nú 40 ára afmæli sínu. Sögu hans þekkja margir en Eminem ólst upp hjá einstæðri móður sinni við mikla fátækt í einhverju fátækasta hverfi Detroit. Þegar hann byrjaði að rappa á unglingsárunum benti ekki margt til þess að þessi ungi hvíti hjólhýsaibúi myndi einn daginn enda með 178 tónlistarverðlaun, þar á meðal óskarinn, í villu sinni í sömu borg.

Léleg byrjun, hans annað sjálf og Dr. Dre

Það fyrsta markverða sem kom frá Eminem var platan Infinite árið 1996. Hana gerði hann með Mr. Porter úr D-12 og var hún gefin út af Bass Brothers, bræðrunum Mark og Jeff. Platan gekk mjög illa, Eminem þótti ganga oft langt í stælingum á röppurum Nas og AZ. En þeir Bassbræður sjá örugglega ekki eftir þeirri fjárfestingu í dag enda hafa þeir fylgt Eminem í gegnum feril hans.

Næsta plata taldi 10 lög og bar nafnið The Slim Shady EP. Það sem hafði gerst frá fyrri plötu var að Eminem hafði skapað annað sjálf, Slim Shady, og byrjar platan á því að Slim Shady vaknar upp frá dauða eftir að Eminem hafði drepið hann í fortíðinni. Sem annar karakter gat hann leyft sér mun meira og varð það sem gerði Eminem svona frægan, að geta hneykslað. Platan gekk ekkert sérstaklega vel en Eminem var kominn á ról, var farinn að draga að sér athygli.

Eftir að Eminem lenti í öðru sæti í Rap Olympics sama ár biður Jimmy Iovine, stjórnandi Interscope Records og einhver valdamesti tónlistarmóðullinn vestanhafs, um demo frá Eminem. Lengi lifði sú saga að Dr. Dre hefði fundið demóið á klósetti í partyi, skemmtillegri saga en því miður ekki sönn. Þegar Jimmy spilaði The Slim Shady EP fyrir Dre var strax farið í það að fljúga Eminem inn til Los Angeles og setja upp fund. Þegar Dr. Dre mættir á staðinn stóð hann í þeirri trú að hann væri að fara hitta svartan rappara en í stað þess gengur inn ljóshæður, bláeygður strákur í gulum galla. Dre lýsti því seinna að Eminem hafi birst honum eins og fuglinn Tweety og hann hafi haldið að Eminem líkaði ekki við tónlistina sína, þar sem Eminem sat bara þögull og þorði ekki að horfa í augun á neinum þegar Dre spilaði fyrir hann tónlist sem hann hafði verið að vinna í. En sannleikurinn var sá að hann var einfaldlega vitstola úr stressi, að hitta loksins upptökustjóran sem hann hafði dreynt um að vinna með síðan hann var strákur. Það breyttist þó fljótt og næsta dag voru þeir mættir í stúdíóið til að taka upp My Name is. Síðan var rissaður upp plötusamningur og restin er sagnfræði.

Peningarnir hrannast upp

Platan The Slim Shady LP, lengri og bættari útgáfa af hans fyrra verki, sló heldur betur í gegn. Allt var látið flakka, sama hversu fordómfullt, ofbeldishneigt og ógeðslegt það var. Hann talaði um að misnota fíkniefni, drepa barnsmóður sína og guð má vita hvað. Rappara hafa áður hneykslað í sögunni en enginn hafði gert það eins og hann. Hann sagði alvarlegri hluti af minni alvöru og meiri kómík auk þess sem persónulegri lög fengu að fljóta með sem tóku á lífi hans sem bláfátæks atvinnuleysinga. Hvernig hann átti í mestu erfðleikum með að lifa af með litla stelpu til að sjá um. Annar faktor í vinsældum hans lá líka í því hve skýrt hann gat talað til unglunga sem voru að ganga í gegnum erfða tíma. Á einni nóttu var maðurinn sem hafði ekki efni á mat, hvað þá fötum, orðinn ofurstjarna og múltimilljónir.

Þá kom að þessari frægu plötu númer tvö sem hefur velkst fyrir ansi mörgum tónlistarmönnum. En það var ekki að spyrja að því, enginn plata í sögunni hefur selst jafn hratt á fyrstu

viku eftir útgáfu. Menn höfðu velt því fyrir sér hver yrkisefnin yrðu þegar hann gæti ekki rapað um að vera fátækur lengur en þess í stað kom hann með mun persónulegri plötu. Talaði um fjölskylduvandamál, vesenið sem fylgir frægðinni og að sjálfsgöðu var ekki langt í hneykslin.

Dre lýsti því seinna að Eminem hafi birst honum eins og fuglinn Tweety og hann hafi haldið að Eminem líkaði ekki við tónlistina sína, þar sem Eminem sat bara þögull og þorði ekki að horfa í augun á neinum

Þegar hér er komið sögu er komið að því sem allir rappara gera, að sækja restina af vininum úr ræsinu. D12, gamla hljómsveitin hans, var í vanda og gekk Eminem aftur til liðs við þá og urðu þeir fyrsta bandið á samning hjá nýstofnuðu útgáfufyrirtæki hans, Shady Records. Árið 2001 kemur Devil's Night, fyrsta plata sveitarinnar, og markaði upphafið að sögu Eminems sem útgefanda og upptökustjóra. Eminem var ekki lengur bara sniðugur rappari, heldur viðskiptamaður, lagasmiður og útsetjari.

Sýningin heldur áfram og leikarinn slær í gegn

Næsta ár var gjöfult, The Eminem Show kemur út. Er að miklu leyti svipuð formúla og fyrri plötur og seldist eins og bensín. Tónlistarferillinn gekk sinn vanagang og það var kominn tími til að leggja fyrir sig leikarann. 8 Mile, þar sem hann fór með aðalhlutverkið í mynd sem lauslega var byggð á eigin ævi, malaði gull um allan heim. Ekki skemmði fyrir að hann sá um tónlistina og var hún ekki síður vinsæl en myndin. Töldu margir 8 Mile vera byrjunina á glæstum leiklistarferli. Svo var ekki, myndir sem hann hefur verið ráðinn til að leika í hafa hingað til ekki enda í framleiðslu og er erfitt að segja hvort eitthvað verði úr leiklistarferlinum. Á þessum tímamarki var toppinum náð en það var farið að hafa áhrif. Eftir að hafa náð að hætta drykkju og eiturfjaneyslu árið 2002 tók lyfjamisnotkun við. Okkar maður var orðinn háður svefnlyfjum og almennur pillufíkill.

Næsta plata var Encore sem kom út 2004, hún markaði á vissan hátt endalok á ákveðnu tímabili. Eminem var ekki lengur ungur maður sem öllum á óvörum var á leiðinni á toppinn, hann var löngu kominn þangað og nú þurfti hann að halda sér þar uppi. Platan var í besta falli týpísk. Þjónaði sínum tilgangi en einhvern veginn hafði það ekki sömu áhrif að drulla yfir stórstjórnur, blóta og reyna að hneyksla. Slim Shady var orðinn þreyttur.

Leiðin niður af tindinum

2005 gekk í garð og voru sögusagnir komnar á kreik um að Eminem væri að hætta. Hann gaf það út að hann vissi ekki hvort ný plata kæmi út og þegar á endanum var gefin út Greatest Hits-plata undir nafninu Curtain Call bjuggust flestir við því að þetta væri búíð. Erfiðlega gekk og hætti tónleikatúrinn hans The Anger Management Tour skyndilega um mitt

sumar, enda erfitt að rúta um heiminn þegar maður er háður svefnlyfjum.

Í apríl ári lét Proof lífið í átökum við dyravörð, Proof var æskuvinnur Eminems og meðlimur í D12. Var það ekki til að bæta á lyfjafíknina og þunglyndið sem Eminem glímdi við. Stuttu áður hafði hann giftst Kim í annað sinn en því hjónabandi lauk í desember sama ár. Um sama leyti kom út safnplatan Eminem Presents: The Re-up frá Shady Records með því helsta sem útgáfufyrirtækið hafði upp á að bjóða og gekk ágætlega. Útgáfan átti að boða nýja ferskari tíma en ekkert varð úr því.

Baráttan við lyfn

Úr sviðsljósinu fór hann heim til sín þar sem hann eyddi næstu mánuðum lyfjaður þangað til jólni 2007 að hann fannst rænulaus á klósettgólfinu. Hann hafði tekið of stóran skammt af einhverjum verkja- og svefnlyfjakokteil og var vakinn til lífsins á leiðinni á sjúkrahúsið. Eftir það hófst barátta hans við fíknina, hann var orðinn einstæður faðir og hafði nýlega ættleidd tvær stelpur, dóttur fyrrverandi eiginkonunar úr öðru sambandi og systurdóttur hennar.

Tónlistin hafði setið á hakanum, þrátt fyrir að vera alltaf í stúdíóinu fannst honum fátt markvert koma úr því og lítið þess virði að taka upp. Eminem hefur talað um að hafa þjáðst af ritstíflu en hún brast ekki fyrir en hann losnaði við lyfjafíknina fyrir fullt og allt og gat einbeitt sér að næstu plötu.

Relapse, sem kom út 2009, sameinaði aftur Dr. Dre og Eminem og markaði endurkomu Slim Shady. Dre sá um alla tónlistina en Eminem gat einbeitt sér að endurkomu sinni sem rappara. Á þessu tímabili umgekkst hann fáa af hræðslu við að hitta fólk sem notaði vímuefni og hættuna sem fylgdi því að falla aftur. Það útskýrir að einhverju leyti hve fáir komu að gerð plötunnar. Relapse var ágætlega tekið, þótti hins vegar ekki endurteknung á fyrri verkum og var nokkuð ljóst að Slim Shady-karakterinn hefði kannski verið best geymdur á hillunni. Platan opnaði samt aftur dyrnar fyrir Eminem og varð til þess að Recovery sem kom út fyrir tveimur árum gekk svona vel.

Fertug fyrirmynd

Í dag er Eminem með sína áttundu plötu í startholunum. Vinsældirnar virðast vera stöðugar og þó svo að maðurinn sé orðinn fertugur á hann ekki í minnstu erfðleikum með að ná til unglunga í ógöngum.

Þrátt fyrir að hafa verið gagnrýndur fyrir fordóma og oft hatursfulla texta hefur hann oft verið maðurinn sem þorir að segja hlutina meðan aðrir þegja þegar kemur að samfélagslegum málefnum.

Sama hvað mönnum finnst um Eminem er ekki hægt að neita því að hann er góð fyrirmynd. Þrátt fyrir vímuefnavanda sinn hefur hann sigrast á honum og talar mjög opinskátt um baráttu sína og sýnir vonandi sem flestum í þeim sporum gott fordæmi. Hann hefur sýnt krökkum sem búa við erfðar aðstæður og takmarkaða möguleika að allt er mögulegt ef viljinn er fyrir hendi. Hann gafst aldrei upp þrátt fyrir endalausar hindranir og áföll og er í dag einn afkastamesti listamaður seinustu 14 ára. Hann er maðurinn sem talar meðan aðrir þegja og þorir að segja það sem svo margir hugsa. Við óskum honum til hamingju með afmælið.





SAMBANDIÐ VIÐ KIM

1989 Tekur saman við Kimberly Anne Scott. Af eða á-samband þeirra hefst.
1995 Dóttir þeirra Hailie fæðist.
1997 Eminem reynir misheppnaða sjálfsmorðstíraun
1999 Þau gifta sig.
2000 Hollywood segir til sín, þau sækja um skilnað og Kim reynir að fremja sjálfsmorð.
2001 Skilnaðurinn gengur í gegn.
2002 Kim eignast stúlkuna Witney með öðrum manni.
2005 Eminem og Kim taka aftur saman.
2006 Gifta sig í annað sinn í janúar þetta ár. Eru skilin í desember.
2007 Eminem fær fullt forræði yfir dóttur þeirra og gerir gott betur og ættleiðir Witney, dóttur Kim úr öðru sambandi, ásamt stúlkunni Alainu Mathers, systurdóttur Kim.



PLÖTUR

- Titill:** Infinite
Útgáfuár: 1996
Sala: 1.000 eintök
 - Titill:** The Slim Shady EP
Útgáfuár: 1997
Sala: 5.000 eintök
 - Titill:** The Slim Shady LP
Útgáfuár: 1999
Sala: 10 milljónir
 - Titill:** The Marshall Mathers LP
Útgáfuár: 2000
Sala: 24 milljónir
 - Titill:** The Eminem Show
Útgáfuár: 2002
Sala: 21 milljón
 - Titill:** Encore
Útgáfuár: 2004
Sala: 13 milljónir
 - Titill:** Curtain Call: Greatest Hits
Útgáfuár: 2005
Sala: 7 milljónir
 - Titill:** Relapse
Útgáfuár: 2009
Sala: 6 milljónir
 - Titill:** Recovery
Útgáfuár: 2010
Sala: 8 milljónir
- ADRAR PLÖTUR:**
2001: D12 - Devil's Night
2004: D12 - D12 World
2006: Eminem presents: The Re-up
2011: Bad Meets Evil - Hell: The Sequel

DEILUR Í BRANSANUM

Benzino/The Source

Rapparinn Benzino var eigandi stærsta rapp tímarits veraldar á sínum tíma, The Source. Honum var ekki vel við Eminem og fengu plötur hans oftast en ekki slaka dóma og lélega umfjöllun á síðum The Source. Eminem skaut einhverjum skotum að Benzino og í kjölfarið hefur annars dapur ferill Benzino snúist í kringum Eminem. Benzino var líka maðurinn sem gróf upp lög frá 1988 þar sem Eminem talar niðrandi um svartar konur og dreifði þeim í fjölmiðla. Löggin náðu ekki tilætlunum árangri að enda feril Eminems.




Ja Rule (Lag: Eminem ft. 50 cent - Hail Mary 2002)

Þegar Eminem tók 50 Cent að sér fylgdu deilur við Ja Rule í kaupbæti. Ja Rule ákvað að nefna dóttur hans Hailie á nafn í einu laga sinna og þá varð ekki aftur snúið.

Everlast (Lag: Eminem - Quitter)

Var einhvern veginn deila um ekki neitt. Everlast sagði að Eminem hefði horft skringilega á sig þegar þeir hittust og ekki voru allir sammála því. Skipst var á lögum



Limp Bizkit (Lag: D12 - Girls)

Þegar Limp Bizkit neituðu að vera með í laginu Quitter um Everlast ætlaði allt um koll að keyra. Eminem fékk D12 með í lagið og var settur lokakafi aftan á það tileinkaður Fred Durst.



Í KAST VIÐ LÖGIN

Það er þrennt sem ofurstjórnur þurfa að eiga í deilum við, makann, löggin og aðrar stórstjórnur. Ekki skemmir síðan fyrir að misnota fíkniefni. Eminem hefur að sjálfsgöðu staðið vaktina á öllum þessum sviðum.

1999: Móðir hans fer fram á 10 milljónir dollara í skaðabætur vegna niðrandi ummæla um hana á Slim Shady LP. Endar með að hann þurfti að greiða henni 1.600 dollara af upphaflegri kröfu.

2000: Sér þáverandi eiginkonu sína kyssa dyravörð á skemmtistað, ákveður að berjja hann með byssuskafi og hlýtur að launum tveggja ára skilorðsbundið fangelsi.

2001: Eminem ógnar starfsmanni Psychopathic Records með byssu meðan á rífrildi þeirra stendur. Þarf að borga 2.000 dollara í sekt fyrir brot á lögum um vopnaburð og skila af sér nokkrum tímum í samfélagsþjónustu.

2003: Franskur jazzari heimaði 10 milljónir dollara auk þess sem platan Marshall Mathers LP væri tekin úr sölu og eytt. Ástæðan var að lagið Kill You á plötunni studdist við búið úr einu laga hans. Þó náðist sátt í málinu áður en það fór fyrir dómstóla.

2005: Frændfólk Eminems kærir hann fyrir að hafa lofað að gefa þeim hús upp á 40 milljónir og peninga til að halda því við. Það var þó ekki að þau væru heimilislaus, hann hafði keypt húsið og leyft þeim að búa þar en eignin var á hans nafni.

„I'll make him an offer he can't refuse."
The Godfather, 1972.

KVIKMYND

Vel heppnað lögregludrama

Að öllu jöfnu er ég lítið hrifinn af kvikmyndum sem teknar eru upp með svokölluðum handheldum myndavélum og skotnar í þeim stíl. Þó svo að meiningin sé að ná meiri upplifun úr þess konar kvikmyndum, virðist það oftast ekki ganga hálf-dapurlega og skilja þær lítið annað eftir sig en hausverk. Þetta mér þá strax í hug ræmur á borð við Cloverfield og The Blair Witch Project en sú fyrrnefnda náði nýjum hæðum í ógleðis-tilfinningu og var ég verri maður fyrir vikið eftir að hafa séð hana. Hinsvegar hefur þetta líka tekist vel upp og eru þar eflaust bestu dæmin District 9 og Chronicle.

Blessunarlega fellur




HJÁLMAR KARLSSON END OF WATCH

MMMMM



skemmtilegum fidus í uppbyggingu myndarinnar. Leikstjórinn leikur sér að því að flakka á milli handhelda tökustílsins og hins hefðbundna, og úr verður vel gerð kvikmynd sem tekin er upp með skemmtilegum hætti.

Í End of Watch er fylgt eftir sögu tveggja ungra lögreglumanna í Los Angeles sem sinna störfum sínum í South Central (sem er eitt hættulegasta hverfið í borginni og sneisafullt af glæpum). Við kynnumst andlega álaginu sem starfið býður upp á og sjáum hvernig hetjurnar tvær breytast í fasi með hverju verkefni sem þeir leysa, þangað til þeir lenda í hringið skipulagðra glæpasamtaka. Ég bjóst ekki við miklu eftir að hafa lesið um hana og séð stíkluna, og því var mjög gleðilegt hversu rækilega hún kom mér á óvart. Áhorfandinn fær að sjá mannlega hlið lögreglumanna á raunsæjan hátt og hvernig þeim tekst að vinna úr öllu því sem þeir upplifa á grimmmum götum Los Angeles-borgar. Samband lögreglumannanna er raunverulegt, leikurinn er til fyrirmyndar og heilt yfir er hún þrælsþennandi, skemmtileg og stútfull af fyndnum senum.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Frankenweenie

Tim Burton er mættur til leiks á ný og nú með leikbrúðumynd og sögu sem er undir miklum áhrifum frá hinni frægu skáldsögu um upp-vakninginn Frankenstein. Húmorinn er í fyrirrúmi í þessari nýjustu mynd Tims sem segir frá hinum unga Victor sem hefur nýverið misst sinn besta vin, hundinn Sparky, sem var ekkert nema tryggðin og vinarþelið uppmálað. Næstu daga er Victor afar sorgmæddur og á erfitt með að setta sig við orðinn hlut. Dag einn í náttúrufræðitíma í

skólanum útskýrir kennarinn fyrir bekknum að í raun séu vöðvandi-brögð knúin áfram af rafboðum sem virkja taugarnar. Þessu til sönnunar sýnir hann nemendum sínum hvernig dauður froskur hreyfist á ný þegar rafmagn er leitt í gegnum hann. Þetta gefur Victor hugmynd. Hann ákveður að láta reyna á tæknina, fer og grefur Sparky upp, klastrar honum saman (Sparky hafði dáðið í bílslysi og er frekar óhrjálegur) og hífir hann síðan upp á þak í þrumu- og

Leikstjóri: Tim Burton.
Aðalhlutverk: Charlie Tahan, Winona Ryder, Christopher Lee, Martin Landau, Martin Short, Robert Capron, Conchata Ferrell og Catherine O'Hara.
Lengd: 87 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 7 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík.

eldingaveðri. Tilraunin heppnast og Sparky vaknar á ný til lífsins, jafn ljúfur og hann hafði alltaf verið. En upprisunni fylgja ýmis vandamál.

Danskt í hádeginu



Allt það gamla góða
fleskisteik
síldarplatti
rauðspretta
hakkabuff með spæleggi



Rígtig god appetit!
Med venlig hilsen,
Restaurant Reykjavík



Hafðu það danskt í hádeginu



RESTAURANT REYKJAVÍK

Restaurant Reykjavík - Vesturgötu 2 - Sími 552 3030 - www.restaurantreykjavik.is - restaurant@restaurantreykjavik.is

VILTU VINNA MIÐA?



Monitor ætlar að gefa miða á Frankenweenie, fylgstu með ...
facebook.com/monitorbladið

TÖLVULEIKUR



Dishonored
MMMMM
Tegund: Hasarleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: Bethesda
Dómar: 9 af 10 - Gamespot, 9,2 af 10 - IGN.com, 8 af 10 - Eurogamer.net

Þú ræður...

Leigumórðingjar virðast vera að sækja í sig veðrið sem aðalpersónur í tölvuleikjum og má þar nefna Desmond úr Assassins Creed-leikjunum, Agent 47 úr Hitman-leikjunum og nú síðast Corvo Attano úr Dishonored, en sá leikur var einmitt að detta inn. Sögusvið leiksins er iðnaðarborgin Dunwall og í upphafi leiksins er okkar maður sakaður um morð á greifynju nokkurri og er fleygt í fangelsi í kjölfarið. En með hjálp góðra manna tekst honum að sleppa úr prísundinni og er hann síðan allan leikinn að vinna verkefni fyrir þessa bjargvætti sína og einnig að finna útúr því hver í raun drap greifynjuna.

Það er hægt að segja að Dishonored sé ansi magnaður leikjakokkteill og fann maður bragð af leikjum á borð við Metal Gear Solid, Thief, Assassins Creed, Bioshock, Skyrim og fleiri þegar maður valtaði í gegnum hann.

Grafkin er stórgóð og nær leikurinn að skapa trúverðuga veröld sem maður nýtur sín að veltast um í. Sama má segja um tónlist og talsetningu, en hvorttveggja virkar mjög vel og rammur inn stemminguna.

Dishonored spilar í fyrstu persónu og er maður alltaf með sverð eða hníf í hægri hendi, en í þeirri vinstri getur maður mundað lásboga, byssur eða ofurnáttúrulega krafta. Þessir kraftar geta látið mann skjótast hratt á milli staða, gert manni kleift að flytja huga sinn yfir í hin ýmsu dýr og stýra þeim og ýmislegt fleira. Leikinn getur maður algjörlega spilað eftir eigin höfði og getur maður farið í gegnum hann án þess að drepa nokkurn mann eða alveg í hina áttina og drepið alla sem maður sér og allt þar á milli.

Dishonored er leikur þar sem þú ræður algjörlega hvernig þú spilar og eyðir tíma þínum, en eitt er víst að það er auðvelt að gleyma sér í þessari sníll, en leikurinn er klárlega einn af leikjum ársins.



ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON

Dorma 3ja ára

Veislan í fullum gangi
full búð af frábærum afmælistilboðum!

Nature's Comfort

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Gegnheilar viðarlappir
- Steypar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn

★★★★★
Natures Comfort
kr. 99.990,-
140x200 cm

★★★★★
Natures Comfort
kr. 129.990,-
180x200 cm

AFMÆLIS
30.000,-
AFSLÁTTUR
140x200 cm
180x200 cm



Sabrina sófar

AFMÆLIS
50%
AFSLÁTTUR



★★★★★
SABRINA
kr. 31.225,-
Tveggja sæta

★★★★★
SABRINA
kr. 40.725,-
Þriggja sæta

3ja sæta br. 190 cm
2ja sæta br. 145 cm

Dorma handklæði

Mjúk og vönduð handklæði, átta litir.

Yndisleg 500 gsm þung og efnismikil handklæði. Ótrúlega mjúk og þerra einstaklega vel.

10 STYKKI
Í STÆRÐ
SÚPER-TILBOÐ
Á HVERN
KUNNA



3
ára

Baðhandklæði 70x140 cm ~~kr. 1.699,-~~

Handklæði 50x100 cm ~~kr. 899,-~~

Gestahandklæði 40x60 cm ~~kr. 499,-~~

Þvottapoki 15x21 cm ~~kr. 129,-~~

Baðmotta 85x50 ~~kr. 1.499,-~~

Tilboð kr. 999,-

Tilboð kr. 499,-

Tilboð kr. 399,-

Tilboð kr. 99,-

Tilboð kr. 999,-

TVENNU
Sæng+koddi
TILBOÐ

Fyrir þá sem vilja dúnmjúka og hlýja alvöru dúnsæng og dúnkodda*!

Dúnsæng og dúnkoddi
kr. 15.900,-
★★★★★

Tvennutilboð

KOMDU NÚNA

Stök dúnsæng kr. 13.900
Stakur dúnkoddi kr. 4.900

*Sæng: 30% dúnn/70% smáfiður. Koddi: 15% dúnn/85% smáfiður.

FYRSTIR
KOMA
400 sett
FYRSTIR
FÁ

2
FYRIR
1

★★★★★
Sængurverasett
kr. 4.390,-

Komdu núna!

5 Hámarkskaup sett á hvern viðskiptavin

OPIÐ
Holtagörðum
Virka daga frá kl. 10-18
Laugard. frá kl. 11-16

DORMA

- býður góða nótt



Pöntunarsími
☎ 512 6800
www.dorma.is

Hitaðu

upp fyrir

Airwaves

með

Símanum

3. okt. **Ásgeir Trausti + Snorri Helgason**
10. okt. **Samaris + 1860 + Sóley**
17. okt. **RetRoBot + Berndsen + Sykur**
24. okt. **Stafrænn Hákon + Tilbury**

Húsið opnar kl. 21

Frítt inn

á tónleika

á Faktorý alla

miðvikudaga

í október

ICELAND
AIRWAVES

Síminn 